

Miðfjarðará í Bakkafirði

Rannsókn á seiðabúskap 28. júlí 2005

Inngangur

Áin var rannsökuð þann 28. júlí 2005. Seiði voru veidd með rafmagni (rafveiði) til að fá hugmynd um fjölda þeirra, ástand og vöxt. Veitt var á þremur stöðum á fiskgenga hlutanum og á einum stað ofan fossa, 1,9 km ofan við fossinn Fálka, en þar hefur verið sleppt hrygningarfiski sl. 2 ár. Sérstakur áhugi var á að láta kanna hvað hefði komið út úr þeirri aðgerð.

Niðurstöður

Niðurstöður seiðaveiða sjást í töflu 1. Mikið fannst af seiðum og voru þau vel á sig komin.

Stöð nr.	Stærð m ₂	0+		1+		2+		3+		Fj. /100 m ₂
		Fj	MI	Fj	MI	Fj	MI	Fj	MI	
1	30		2.9	17	6.0	1	7.7	2	9.2	70
2	40			14	5.1	1	7.4			37
3	30			16	5.2	2	8.1			60
4	20			14	7.0					70

Tafla 1. Niðurstöður úr rafveiðum í Miðfjarðará 28. júlí 2005. Stöðvar 1-3 eru á fiskgenga svæðinu. Stöð 4 er á ófiskgenga svæðinu, 300 m ofan við Sniðfoss.


Stöð 1.

Stöðin er rétt fyrir ofan gömlu brúna, norðan megin í ánni á smágrýttum botni. Veidd var ein yfirferð á 30 m² svæði. Mikið var af seiðum, flest voru þau eins árs, eitt seiði fannst úr klaki frá í fyrra.

Nýklöktu seiðin eru varla komin upp úr mölinni og því varla veiðanleg. Yfirleitt þarf að bíða fram í ágúst áður en seiði ársins fara að veiðast. Það er einungis í mjög hlýjum árum, t.d. 2003 og 2004 sem þau finnast í júlí eða í byrjun ágúst.



Stöð 1 er rétt fyrir ofan gömlu brúna, botninn er smágrýttur. Veiðisvæðið takmarkast af bláu línunni.



Lengdardreifing seiða á stöð 1. 21 seiði veiddist á 30 fermetrum, sem er mikill þéttleiki.

Stöð 2.

Stöðin er 1 km ofan við efri brú (í loftlínu), á móts við girðingu sem liggur að ánni að sunnan. Hér fannst mikið af seiðum, öll voru eins árs utan eitt tveggja ára. Botninn var fremur grýttur nokkuru grófari en á stöð 1.

Stöð 3

Um 1,5 km ofan við stöð 2, á grýttu svæði sunnan við gamlan farveg sem áin fer um í flóðum. Mikið af seiðum, flest eins árs. Eitt 3 ára seiði veiddist, kynþroska hængur.




Stöð 4, ofan við Sniðfoss

Hún er á ófiskgenga hlutanum, um 300 m ofan við Sniðfoss, á grunnu broti skammt fyrir neðan nokkuð stóran og langan hyl. Hrygningarfiskur hefur verið fluttur á þetta svæði undanfarin 2 ár. Þarna fannst mikið af seiðum 1 árs gömlum. Þau voru stærri en á stöðvum 1-3, væntanlega vegna minni samkeppni.

Aðgerðin, að flytja klakfisk á svæðið, hefur heppnast vel fyrra árið, en ekki er enn unnt að sjá hvort hrygningin í fyrra hafi einnig heppnast, þar sem seiði úr þeim hrognum eru enn ekki orðin veiðanleg.




Seiði sem veidust á stöðvum 2 og 3. Flest eru þau eins árs, stóra seiðið er 3 ára kynþroska hængur.



Lengdardreifing seiða á stöðvum 2-4. Árgömlu seiðin eru stærst á ófiskgenga hlutanum.

Ekki þótti ástæða til að leita að seiðum á fleiri stöðum á ófiskgenga svæðinu, enda ekki vitað hvar fiskunum var sleppt. Verði þessu haldið áfram er unnt að dreifa fiskinum eftir þörfum. Forsenda þess er þó að lagður verði vegur eða slóði upp með ánni enda er ekki hægt að nýta þetta svæði öðru vísi. Áin fyrir ofan Fálkafoss er sérlega falleg og ég tel að uppeldisskilyrði séu mun betri en haldið hefur verið fram í fyrri skýrslum. Virðist mér sem menn hafi gert of lítið úr svæðinu vegna klapparbotns sem er nokkuð víða. Það er talsvert af grjóti á klöppunum og þó það sé á ferð skapar það samt skilyrði til seiðauppeldis. Þá eru þarna víða grjótkafar. Þarna eru margir væntanlegir veiðistaðir eftir því sem ég sá.

Ég tel vel þess virði að vinna skipulega að því að nýta þetta svæði til seiðaframleiðslu með því að sleppa þar fiski og síðar til veiða eftir að fossarnir hafa verið gerðir fiskgengir. Varla er vafi á því að framkvæmdin sé arðbær í öllum skilningi, fjárhagslega og veiðilega. Áin er falleg og fegurð dalsins mikil, enda var þessi skoðunarferð upp með ánni ákaflega heillandi.



Stöð 4, veiðistaðurinn á ófiskgenga svæðinu. Hann er 300 m ofan við Sniðfoss, 1.9 km ofan við Fálkafoss. Svæðið takmarkast af bláu línunni.



Seiðin sem veiddust á stöð 4 eru mun stærri en þau sem eru neðar í ánni, væntanlega vegna minni samkeppni. Þau eru komin undan fiski sem var sleppt ofan við fossana. Einhver hluti þeirra gæti gengið til sjávar næsta vor, þá tveggja ára gömul.

Ályktanir

Mikið er af seiðum á fiskgenga hlutanum í ánni. Flest eru þau 1 árs gömul. Seiðin frá síðasta klaki eru ekki farin að sjást og 2 ára seiði og eldri hafa sennilega gengið út sl. vor, 2005. Þetta gerðist í Ormarsá og Deildará, þar gengu seiðin út 2 ára sl. vor. Þetta er nokkuð sérstakt, ástæðan eru óvenju hlý ár 2003 og 2004. Árið í ár hefur verið kaldara, sem sést á að meðallengd 1 árs seiða í Ormarsá og Deildará var 6.7 cm 26. júlí 2005 en 7.4 cm á sama tíma í fyrra. Þar munar 25% í þyngd því 6.7 cm seiði vegur 3 g en 7.4 cm seiði er 4 g. Eins árs seiðin í Miðfjarðará voru nú 5.5 cm eða um 1.7 g. Engin von er til að þau geti farið út 2 ára næsta vor. Væntanlega verður mikil minnkun í gönguseiðaframleiðslu vorið 2006, er þá undanskilin sú viðbót sem kemur af ófiskgenga svæðinu, stærstu seiðin þaðan geta farið út 2 ára ef skilyrði verða hagstæð.

Má því búast við niðurdrætti í afla árslaxa úr sjó sumarið 2007.

Samanburður við fyrri rannsóknir

Athygli vekur að nú finnst miklu meira af seiðum í ánni en áður hefur fundist, eða um fimmfalt fleiri seiði á flatareiningu. Vöxtur þeirra er betri en áður hefur verið, 1 árs seiði eru um 1 cm lengri en áður, en þess ber að geta að mismunandi hefur verið hvenær sumarsins rannsóknir hafa farið fram.

Ekki er unnt að skýra þennan mikla mun í fjölda seiða fyrr og nú þar sem ekki hefur verið gerður samanburður á veiðiaðferðum, en hvort tveggja er að tækjabúnaður er ekki sá sami og líklega eru veiðiaðferðir einnig mismunandi.

Aðgerðir

Ég tel að vinna eigi að því að virkja svæðið ofan við Fálkafoss til seiðaframleiðslu og laxveiða í framhaldi af því. Til þess þarf að leggja veg með ánni og gera fossana fiskgenga.

Framkvæmdaröð

1. Meta kostnað við að gera veg með ánni og gera neðstu 3 fossana fiskgenga. Síðar þarf að athuga þá fossa sem eru ofar í ánni. Athuga þarf leiðir, en mér sýnist einfaldast að sprengja raufar eða geilar í báða litlu fossana. Líklega er unnt að sprengja Faxa líka.
2. Leggja veg meðfram ánni á væntanlegu veiði- og ræktunarsvæði. Þetta er að mínu mati það sem fyrst þarf að ráðast í og er undirstaða annara framkvæmda.
3. Halda áfram að sleppa fullorðnum laxi á svæðið.



Þessi fallegi hylur er fyrir ofan stöð 4. Þar fyrir ofan eru smáfossar og grýtt svæði kjörið til seiðauppeldis. Áin þarna minnir mjög á Selá, enda berggrunnurinn svipaður. Berggangarnir ganga þvert á stefnu árinna nokkuð sem veldur því að það myndast eins konar tröppugangur þar sem skiptast á hyljir, fossar og flúðir. Eins konar módel af laxveiðiá.



Sniðfoss. Ekki þarf að gera mikið til að hann verði fiskgengur. Botngerð neðan fossins hentar vel til seiðauppeldis. Þá tekur við breiða, svo grjót og þannig koll af kolli.

Reykjavík, 23. ágúst 2005
Jón Kristjánsson